



## Skútustaðahreppur

### Skólanefnd

5. fundur

3. september 2015

Kl. 15:00-17:50

**Mætt:** Arnar Halldórsson, Einar Jónsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Þuríður Helgadóttir og Þuríður Pétursdóttir. Auður Jónsdóttir sat fundinn sem fulltrúi kennara, Sólveig Jónsdóttir skólastjóri Reykjahlíðarskóla og Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólastjóri Yls. Hulda Marteinsdóttir fulltrúi foreldra, boðaði forföll.

**1. Reykjahlíðarskóli - skólaárið 2015-2016.** Skólastjóri fór yfir skipulag næsta vetrar. Nemendafjöldi er 32, kennarar 5 auk skólastjóra og 2 starfsmenn í eldhúsi, 2 gegna hlutverki skólaliða/húsvarða/stuðningsfulltrúa. Nemendur í 9. og 10. bekk tóku í upphafi skólaárs á móti finnskum jafnöldrum frá Jokioinen og var farið í ferðir með hópinn. Foreldrar tóku virkan þátt og hreppurinn kostaði fæði að mestu en ferðir voru styrktar af samfélagssjóði Landsvirkjunar. Að vori er stefnt að því að endurgjalda heimsóknina. Útivistardagur var í þessari viku og gekk vel, gengið var frá Dimmuborgum að Hverfjalli og áfram í skólann. Ingibjörg og Soffía eru í fæðingarorlofi í heilt ár. Jóhanna Jóhannesdóttir var ráðin og kennir hún allar íþróttir, heilbrigði og velferð í 4.-6. bekk og stuðningskennslu. Jóhanna hefur tekið að sér að stýra verkefnum um Heilsueflandi grunnskóla. Regnheiður Jóna Grétarsdóttir er komin aftur til starfa eftir fæðingarorlof og kennir smíðar jafnframt því að sinna í samvinnu við Ingunni hlutverki húsvarðar, skólaliða og stuðningsfulltrúa.

Vinna við gerð skólanámskrár er í fullum gangi. Breytingar eru hjá skólaþjónustunni á Húsavík en samningur við Skútustaðahrepp verður uppfylltur að minnsta kosti fram að áramótum, en þá eru samningar lausir.

**2. Tónlistarskólinn starfsárið 2015-2016.** Jaan Alavere verður kennari í tónlistarskólanum. Hann mun kenna yngsta hópnum í grunnskólanum tónlist einn tíma á viku. Tónlistardagar verði haldnir reglulega. Það eru skráðir 17 nemendur í tónlistarskólann, 13 í fullt nám (2x30 mín) og 4 í hálf nám.

**3. Leikskólinn Ylur – starfsárið 2015-2016.** Ingibjörg, nýráðin leikskólastjóri fjallaði um komandi starfsár. Stöðugildi á starfsárinu eru 4,88 sinnt af 6 starfsmönnum, tveimur faglærðum og fjórum leiðbeinendum. Ingibjörg gegnir stöðu leikskólastjóra og Þóra Ottósdóttir gegnir stöðu deildarstjóra. Börn eru 18 og miðað við aldur þeirra reiknast barngildin 25,6. Dreifing barna á aldursár er skv: 2010:5, 2011:1, 2012:4, 2013:4, 2014:4. Eitt barn er á biðlista en hefur fengið pláss á Laugum. Tvö börn eru á biðlista við upphaf næsta árs. Barngildin hækka eftir því sem aldur er lægri. Hámarksfjöldi barna í núverandi rými eru 18 börn. Leikskólinn er opin 8:10-16:30.

Starfsáætlun leikskóla verður kynnt í lok mánaðarins. Gerð skólanámskrár er brýn og mikil vinna fyrir höndum, sem ekki verður unnin miðað við núverandi mannafla. Vinna þarf áætlun um gerð skólanámskrár. Skólanefnd leggur til að það verði gert fyrir næsta skólanefndarfund af leikskólastjóra, sveitarstjóra og fulltrúa skólanefndar Arnari Halldórssyni.

**4. Þjóðarsáttmáli um læsi.** Oddviti hefur fyrir hönd Skútustaðahrepps undirritað sáttmálann. Miðað við viðmið sem þar koma fram, stendur Reykjahlíðarskóli í 10. bekk skv. prófum síðustu fimm ára vel með 96% læsi. Vegna átaksins hefur engu að síður verið ákveðið að auka lestrarkennslu og lestur barna í öllum bekkjum. Búið er að

ráða læsiráðgjafa hjá Menntamálastofnun og mun ráðgjöf til sveitarfélaga hefjast um áramót. Umræða varð um byrjendalæsi, aðferðin er notuð í 1. og 2. bekk og hefur gagnast vel fyrir marga.

**5. Þekkingarsetur í Mývatnssveit.** Uppbyggingarsjóður Eyþings veitti styrk að upphæð einni milljón til verkefnisins og er nú unnið að aðlögun verkefnisins að styrkuppþæðinni.

**6. Möguleg stækkun leikskóla.** Formaður skólanefndar fjallaði um bókun síðasta sveitarstjórnarfundar um aukna rýmisþörf fyrir leikskólann. Miklar umræður urðu um málið. Fundarmenn leggja áherslu á auðsýndan hag af meiri nálægð og samstarfi leikskóla og grunnskóla. Tillaga fundarins er að efstu tvær deildir leikskóla verði fluttar í norðurhluta Reykjahlíðarskóla (þar sem nú er smíðastofa). Þar með yrði húsnæðisvandamál leikskólans leyst tímabundið og á sama tíma stigið skref til framtíðar í átt að sameiningu skólanna undir eitt þak. Jafnhliða þarf að gera framtíðaráætlun varðandi flutning alls leikskólans í Reykjahlíðarskóla.s

Fundarritari Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir

Furður Helgadóttir  
Arnar Halldórsson  
Kinnur Jónny  
Furður Pétursdóttir  
Jóhanna K. Þórhallsdóttir